

236. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

miðvikudaginn 3. júlí 2019.

Mættir:

Stjórnarmenn: Katrín Sigurjónsdóttir formaður, Valtýr Hreiðarsson, Finnur Yngvi Kristinsson, Ásgeir Örn Blöndal og Unnar Jónsson

Starfsmenn: Elva Gunnlaugsdóttir og Baldvin Valdemarsson (rituðu fundargerð).

Gestir: Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Níels Guðmundsson lögg.endursk. ENOR og Arnar Árnason lögg.endursk. KPMG. Þeir sátu fundinn undir fyrsta dagskrárlíð.

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Málafni Aurora Observatory og þátttaka atvinnuþróunarfélaganna .

Fyrir fundinn fengu stjórnarmenn gögn varðandi málið, stofnskrá AO og síðustu ársreikninga ásamt síðasta ársreikningi GÁF ehf. Eftir beiðni formanns fór Reinhard Reynisson yfir aðdraganda stofnunar GÁF ehf sem er í eigu atvinnuþróunarfélaganna sem og stofnunar og framkvæmd við uppbyggingu Aurora Observatory á Kárhóli í Reykjadal. Greindi frá hverjir eru stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar og tengingu við íslenskt vísindasamfélag. Þá ræddi hann og skýrði út þann hluta starfseminnar sem ekki tengist vísindastarfi þ.e. rekstur gestastofu. Hugmynd hefur komið fram um að nota GÁF ehf., sem er í dag „tómt“ félag, sem rekstraraðila að gestastofunni. Einnig hugmynd um að rekstrarformi GÁF ehf. yrði breytt í sjálfseignarstofnun. Nokkrar umræður spunnust um þetta sameignlega verkefni og svör veitt við spurningum.

Stjórn AFE leggur til að AP yfirtaki allt hlutfé GÁF ehf. Formanni falið að sjá til þess að formlegt tilboð vegna þess verði sent frá AFE til AP fyrir lok vikunnar.

Reinhard og Níels yfirlögðu fundinn og var þeim þakkað fyrir komuna.

Stjórnin samþykkir að skipa framkvæmdastjóra AFE Sigmund Einar Ófeigsson í stjórn AO.

2. Endurskoðun á fyrri ákvörðun stjórnar varðandi haustfund AFE.

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að halda fiskeldisráðstefnu í tengslum við haustfund AFE þann 18. september n.k. Leitað var til RHA um samstarf varðandi framkvæmd hennar. RHA telur þennan undirbúningstíma alltof skamman. Fram kom ný tillaga að um að halda í staðinn ráðstefnu um og kynningu á nýttkominni skýrslu RHA um menntunarpörf á Eyþingsvæðinu . Samþykkt.

3. Önnur mál.

Rætt um þörf á stjórnarfundi þann 14. ágúst. Ákvörðun frestað.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 16:35

